

GJALDSKRÁ

fyrir stofngjald fráveitu Húnabyggðar.

1. gr.

Húnabyggð innheimtir stofngjald fyrir fráveitu í sveitarfélaginu skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og sbr. III. kafla samþykktar um fráveitur og rotþrær í Blönduósbæ, nr. 228/2007 og heimæðargjald vatnsveitu skv. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2007.

2. gr.

Stofngjald fráveitu fyrir hverja heimtaug í sérbýlishúsalóð er 326.240 kr. Fyrir aðrar lóðir greiðast 391.490 kr. miðað við stærð heimtaugar allt að 150 mm. Gjald fyrir stærri heimtaugar er reiknað út hjá Húnabyggð. Bráðabirgða tengigjald, t.d. á vinnubúðir/gámaeiningar og þess háttar, er reiknað samkvæmt útlögðum kostnaði.

Um rotþrær fer samkvæmt ákvæðum gjaldskrár fasteignagjalda Húnabyggðar. Húnabyggð leggur til rotþró og það sem henni tilheyrir, en eigandi sér um og rekur tengingu milli húss og rotþróar.

3. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild samkvæmt 15. gr. laga nr. 9/2009 um rekstur fráveitna, vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og á grunni samþykktar nr. 228/2007 og samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir stofngjald fyrir tengingu fráveitu og heimæðargjald vatnsveitu Húnabyggðar, nr. 1708/2023. Gjaldskráin var staðfest á fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar 15. desember 2025.

Húnabyggð, 15. desember 2025.

Pétur Arason sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 30. janúar 2026